1947 nr. 30 22. apríl
Lög um að tryggja manneldisgildi hveitis

Tóku gildi 1. júlí 1947. *Breytt með:* L. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.**

□ Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum manneldisráðs að skipa fyrir með reglugerð um ráðstafanir til að tryggja sem best manneldisgildi hveitis, sem selt er á íslenskum markaði. Má í því skyni krefjast sérstakrar tilhögunar við mölun hveitisins, svo og að það skuli blandað viðeigandi næringar- og hollustuefnum, annars hvors eða hvors tveggja í senn.

■ **2. gr.**

□ Brot gegn ákvæðum reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skulu varða … [1] sekt, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

[1] *L. 10/1983, 22. gr.*

ELDRI ÚTGÁFA